

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 2.100 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 3.290 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Breyting þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 13. desember 2012 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

Hveragerði, 14. desember 2012.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.